

Eskja hf.  
Kt.: 630169-4299  
Heimilisfang [...]

Akureyri, 22.04.2026  
Tilv. 2026-01-06-0104  
(áður 2024-08-20-1138)

**Efni: Svipting veiðileyfis. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands. NEAFC. Tilkynningarskylda. Afladagbók. Reglugerð nr. 432/2017. Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929).**

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðaði ætluð brot skipstjóra, eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11, skipaskrárnúmer 2929, gegn 4. og 5. gr. reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) nr. 432/2017 sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996, í veiðiferð skipsins þann 31. júlí 2024. Lögskráður skipstjóri var A, kt. [...]. Málsaðili er útgerð skipsins, Eskja hf., kt. 630169-4299.

**I. Málsatvik**

Þann 1. ágúst 2024 barst Fiskistofu tilkynning frá EFCA (e. European Fisheries Control Agency) ásamt skýrslu eftirlitsmanna EFCA (e. EU/NEAFC inspectors), dags. 31. júlí 2024, vegna meintra brota skipstjóra fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) gegn reglum NEAFC (e. NEAFC Transitional Scheme of Control and Enforcement), þann 31. júlí 2024. Fiskistofa tók málið til rannsóknar og aflaði frekari gagna.

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 17. september 2024, kemur fram, að þann 31. júlí 2024, kl. 08:15 (UTC), hafi eftirlitsmenn á vegum EFCA<sup>1</sup> farið um borð í fiskiskipið Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) í eftirlitsskyni, þegar það var stadd á eftirlitssvæði NEAFC í Norður Atlantshafi (65°13.1 N og 000°48.8 V). Samkvæmt skýrslu þeirra hafi komið í ljós að skipstjóri skipsins hafi hvorki sent komutilkynningu (COE), áður en skipið sigldi inn á samningssvæði NEAFC til veiða, né aflatilkynningu (CAT), innan tilskilins tíma (fyrir kl. 12:00 UTC þann 30. júlí 2024), eftir að veiðar hófust þann 29. júlí 2024, til eftirlitsstöðvarinnar með þeim hætti sem lýst er í ákvæðum 12.1.a og 12.1.b í reglum NEAFC. Þá hafi jafnframt ekki verið tiltækar afluupplýsingar í rafrænni afladagbók um veiddan afla um borð með þeim hætti sem lýst er í ákvæði 9.2.d í reglum NEAFC. Í skýrslu eftirlitsmanna EFCA kemur fram að skipstjóra skipsins hafi verið gefinn kostur á að uppfæra rafræna afladagbók sem hann hafi gert með CAT sendingu. Í skýrslunni sé haft eftir skipstjóra að hann hafi gleymt að senda CAT skeyti þann 30. ágúst 2024, það hafi verið hans mistök og honum hafi þótti það miður. Í kjölfarið, á grundvelli 28. gr. NEAFC reglnanna, hafi EFCA sent málið til meðferðar íslenskra stjórnvalda sem fánaríki skipsins, og málinu vísað til Fiskistofu til þóknanlegrar meðferðar.

Á grundvelli þess sem að framan er rakið, er skipstjóri fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) annars vegar grunaður um að hafa brotið gegn 4. gr. reglugerðar nr. 432/2017, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996, með því að hafa ekki fært í rafræna afladagbók upplýsingar um

<sup>1</sup> Eftirlitsmenn EFCA vinna jafnframt sem fulltrúar NEAFC þegar þeir eru í eftirliti innan eftirlitssvæðis NEAFC (e. EU/NEAFC inspectors).

veiddan afla um borð í samræmi við fyrirmæli NEAFC reglnanna, og hins vegar gegn a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996, með því að hafa hvorki sent til eftirlitsstöðvarinnar komutilkynningu (COE) áður en skipið sigldi inn á samningssvæði NEAFC til veiða, né aflatilkynningu (CAT) eftir að það hóf veiðar innan þess þann 29. júlí 2024.

## II. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996 skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Þá segir jafnframt að ráðherra skuli með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana. Í reglugerð nr. 432/2017, sem sett er með stöðum m.a. í framangreindum lögum, segir í 4. gr., er fjallar um afladagbók, að halda skuli rafræna afladagbók vegna veiða á NEAFC-samningssvæðinu, sem uppfyllir skilyrði sem greinir í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit. Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerðinni skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar. Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit. Í 5. gr. sömu reglugerðar er fjallað um tilkynningar sem íslenskum skipum er skylt að senda til eftirlitsstöðvarinnar. Samkvæmt a-lið 1. mgr. (*Komutilkynning - COE*) skal tilkynna með ekki meira en 12 klukkustunda fyrirvara og að lágmarki 2 klukkustunda fyrirvara, að skip fari inn á samningssvæðið til veiða og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit. Samkvæmt b-lið 1. mgr. (*Aflatilkynning - CAT*) skal tilkynna daglega um m.a. heildarafla síðasta sólarhrings miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Tilkynning skal berast í síðasta lagi klukkan 12 UTC næsta dag eftir að veiðar hófust og vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

Við mat á brotum gegn reglugerð nr. 432/2017 skal skv. 11. gr. reglugerðarinnar litið til reglna NEAFC um stjórn og eftirlit (e. NEAFC Scheme of Control and Enforcement), eftir því sem við á. Í 12. gr. sömu reglugerðar segir að íslensk skip, sem stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, skulu fara eftir reglum NEAFC um stjórn og eftirlit og öðrum ákvörðunum nefndarinnar. Í ákvæði 9 í reglum NEAFC, er fjallar m.a. um aflaupplýsingar og framkvæmd veiða, segir að hvert aðildarríki skuli tryggja að fánaskip þeirra haldi afladagbók, eða rafræna afladagbók. Í ákvæði 9.2, staflaðum a-d, er nánar kveðið um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra upplýsinga sem færðar skulu í afladagbók. Í d-lið segir að í hvert sinn sem fiskiskip veiðir afla (leggur út veiðarfæri) innan samningssvæðis NEAFC, skal m.a. skrá upplýsingar magn afla, staðsetningu, tíma og dagsetningu ásamt nafni og alþjóðlegu kallmerki skipsins. Í ákvæði 12 í reglum NEAFC, er fjallar aflatilkynningar, segir að hvert aðildarríki skuli tryggja að fánaskip þeirra sendi tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar um afla. Í ákvæði 12.1.a segir að senda skuli komutilkynningu (COE) þegar skip siglir inn á eftirlitssvæði NEAFC, sem eftir atvikum skuli innihalda upplýsingar um þegar veiddan afla um borð. Slíka tilkynningu skuli senda með ekki meira en 12 klukkustunda fyrirvara og að lágmarki 2 klukkustunda fyrirvara. Samkvæmt ákvæði ákvæði 12.1.b, skal daglega senda tilkynningu um veiddan afla (CAT), sem inniheldur upplýsingar um magn og tegundir, er skipið hefur veitt innan eftirlitssvæðisins frá því það sigldi inn á svæðið, eða síðasta sólarhringinn síðan það sendi síðustu tilkynningu. Senda skal slíka aflatilkynningu þó svo ekkert hafi veiðst síðasta sólarhringinn. Samkvæmt ákvæði 28.3 kemur fram að hlutaðeigandi stjórnvöld fánaríkis skips skulu taka mál til tilhlýðilegrar meðferðar, eftir atvikum með ákvörðun um viðurlög ef grunur sé um brot.

Brot á 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017 varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og VI. kafla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Í 2. mgr. 14. gr. laga nr.



151/1996, sbr. 12. gr. sömu laga, segir að Fiskistofa skuli svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á lögunum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum nr. 57/1996, þ.e. svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 15. gr. laga nr. 57/1996. Þá getur brot gegn lögum nr. 151/1996, og reglum settum með stoðum í þeim, jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 1. mgr. 14. gr. sbr. 1. mgr. 12. gr. sömu laga. Brot gegn reglugerð nr. 432/2017, sbr. lög nr. 151/1996, telst fullframið hvort sem það er með refsinsæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 15. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

### III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 20. febrúar 2026, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort skipstjóri fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929), eftir atvikum útgerð skipsins, hafi gerst brotleg/ur, gegn reglugerð nr. 432/2017, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996, þann 31. júlí 2024. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 13. maí 2025 bárust Fiskistofu athugasemdir málsaðila.

Í athugasemdum málsaðila segir að um algjöra handvömm skipstjóra hafi verið að ræða, sem var leiðrétt á meðan eftirlitsmenn voru um borð í skipinu. Skilningur skipstjórans hafi verið að þar með væri málið úr sögunni. Um væri að ræða brot á háttarnisreglu 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017. Sú reglugerð sé sett á grundvelli tveggja laga, þ.e. laga nr. 151/1996 og laga nr. 116/2006, sbr. 12. gr. framangreindrar reglugerðar. Í 11. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um viðurlög, er vísað til framangreindra tveggja laga, auk IV. kafla laga nr. 57/1996. Þá vakti málsaðili athygli á því að ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 151/1996, er fjallar um viðurlög, er bundið við brot á lögunum, en ekki reglum settum á grundvelli þeirra. Ólíkt framangreindu ákvæði, vísa hvort tveggja ákvæði 15. gr. laga nr. 57/1996 og ákvæði 24. gr. laga nr. 116/2006 til brota á hlutaðeigandi lögum og reglna settum samkvæmt þeim. Í lögum nr. 151/1996 er hins vegar ekki að finna ákvæði um áminningar, ólíkt tilgreindum ákvæðum í lögum nr. 57/1996 og lögum nr. 116/2006.

Í athugasemdum segir að þær háttarnisreglur um tilkynningar sem brotnar voru í veiðiferð skipsins í lok 31. júlí 2024 fólu ekki í sér brot á ákvæðum laga nr. 151/1996, heldur reglum settum á grundvelli þeirra (reglugerð nr. 432/2017). Þær reglur séu einnig settar á grundvelli laga nr. 57/1996 og laga nr. 116/2006 og vísa um viðurlög til viðurlagakafla þeirra. Að mati málsaðila megi draga í efa að þess háttar framsetning á refsheimild standist skýrleikakröfu refsiréttar um viðurlög, sbr. m.a. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Að mati málsaðila sé ljóst að um sviptingu á veiðileyfi geti ekki verið að ræða á grundvelli 14. gr. laga nr. 151/1996, þar sem um brot væri að ræða á háttarnisreglum reglugerðar sem sett sé með stoðum á grundvelli laganna þriggja. Engu breyti þó skipið hafi verið statt við fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Þá telur málsaðili að horfa verði til grunnreglu réttarríkisins um að allan vafa verði að skýra sakborningi í hag. Sú regla eigi einnig við, þegar vafamál kunni að rísa um refsheimildir og tegundir viðurlaga. Með vísan til framkominna athugasemda gerir málsaðili kröfu um að máli þessu verði lokið með áminningu og vísar því til stuðnings til 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006. Slík niðurstaða sé einnig í samræmi við meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem stjórnvöldum ber að fylgja við töku íþyngjandi ákvarðana gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Þá sé um er að ræða fyrsta brot af þessari tegund af hálfu félagsins og skipstjóra, sem á að baki flekklausan feril til áratuga. Málsaðili sé fyrirmyndarfyrirtæki og hafi ekki sætt viðurlögum eða refsingum vegna brota á fiskveiðilöggjöf á liðnum árum.

#### IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Skipstjóri fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) hélt til veiða á samningssvæði NEAFC í lok júlí 2024. Fyrir liggur í málinu að hann sendi hvorki komutilkynningu (COE), áður en skipið sigldi inn á svæðið, né aflatilkynningu (CAT), innan tilskilins tíma eftir að veiðar hófust, til eftirlitsstöðvarinnar eftir fyrirmælum 12.1.a og 12.1.b í reglum NEAFC. Þá var ekki búið að skrá aflaupplýsingar um veiddan afla líkt og mælt er fyrir um í ákvæði 9.2 í reglum NEAFC þegar eftirlitsmenn EFCA komu um borð í eftirlitsskyni þann 31. júlí 2024.

Gildissvið NEAFC reglnanna, sbr. ákvæði 2. gr., nær til skipa sem veiða á samningssvæði NEAFC. Í málinu liggur fyrir að Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) var á veiðum innan samningssvæðis NEAFC og var með afla veiddan innan þess svæðis um borð. Af þeim sökum giltu reglur NEAFC um stjórn og eftirlit, lög nr. 151/1996 og reglugerð nr. 432/2017 um framkvæmd fiskveiða og för skipsins, þ.m.t. um skil á aflaskýrslum, og tilkynningarskyldur skipsins til hafnarriktja sbr. 1. gr. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar. Skipið var á veiðum á grundvelli leyfis Fiskistofu sem var m.a. bundið skilyrðum um tilkynningar til að fullnægja skuldbindingum Íslands við NEAFC.

Í reglugerð nr. 432/2017, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996, er kveðið á um hliðstæðar reglur (og tilgreindar NEAFC reglur) sem gilda fyrir íslensk skip á samningssvæði NEAFC, s.s. um afladagbók og tilkynningar sem á reynir í máli þessu. Við mat á brotum vegna annars vegar vanskila á tilkynningum úr rafrænni afladagbók (og aðgengileika þeirra gagna) og hins vegar vegna misbrests á sendingum annars konar tilkynninga, þ.m.t. komu- og aflatilkynninga, er horft til hlutlægra gagna. Málsatvik eru óumdeild og er að mati Fiskistofu ekki uppi vafi um brot í máli þessu enda byggir mat á því hvort tilskildum gögnum hafi verið skilað eða ekki og þar með hvort tilkynningar hafi verið sendar eður ei. Málsaðili véfengir ekki málsatvik eins og þeim er lýst að framanverðu en telur hins vegar að háttsemi skipstjóra feli ekki í sér brot á lögum nr. 151/1996 heldur einvörðungu reglum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerð nr. 432/2017. Af þeim sökum telur málsaðili viðurlagaheimild 2. mgr. 14. gr. framangreindra laga ekki eiga við um brot skipstjóra þar sem ákvæðið vísar einungis til brota á lögnum, en ekki reglum settum samkvæmt þeim, eins og hvort tveggja lög nr. 57/1996 og lög nr. 116/2006 gera á hinn bóginn ráð fyrir. Af þeim sökum telur málsaðili að draga megi í efa að framsetning refsheimilda í lögum nr. 151/1996 og reglugerð nr. 432/2017 standist skýrleikakröfur refsiréttar um viðurlög sbr. 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Réttargrundvöllur grundvallarreglunnar um skýrleika refsheimilda er að finna í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 1. mgr. 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994. Hvort tveggja grundvallarreglan um skýrleika refsheimilda og grundvallarreglan um lögbundnar refsiréttar sem svo mætti kalla. Reglan um lögbundnar refsiréttar, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, girðir ekki fyrir að Alþingi geti með lögum heimilað stjórnvöldum að mæla nánar fyrir um í almennum stjórnvaldsfyrirmælum hvaða háttsemi sé refsiverð samkvæmt ákvæðum laga. Af lögmætisreglunni leiðir að ráðherra er beinlínis óheimilt að setja íþyngjandi háttennisreglur í reglugerð nema hafa fengið til þess skýra lagaheimild Alþingis með löglegu valdframsali. Þá leiðir af reglunni um lögbundnar refsiréttar að löggjafinn verður í meginatriðum að lýsa því í lögum sem varðað getur refsingu svo að stjórnvöldum verði heimilað að setja reglur þar að lútandi. Í máli þessu reynir á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996 og túlkun á því með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 432/2017. Að mati Fiskistofu hafi löggjafinn skýrlega falið ráðherra það verkefni með lögum að setja nánari háttennisreglur fyrir borgarana í reglugerð, sbr. orðalag 3. mgr. 8. sbr. 19. gr. laga nr. 151/1996. Í máli þessu reynir á reglugerð nr. 432/2017, sem sett er með stoðum m.a. í framangreindum ákvæðum, og er ætlað

að kveða nánar um þær skyldur sem lagðar eru á íslensk skip, í því skyni að fullnægja ákvæðum milliríkjasamnings sem við á í máli þessu, þ.e. samningi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar sem Ísland er aðili að. Vísað er til boðreglna í settum lögum með almennum hætti, sbr. orðalag framangreinds ákvæðis 3. mgr. 8. gr. (þ.e. skil á aflaskýrslum og skyldur til að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana), sem ráðherra hefur síðan mælt nánar fyrir um inntak verknaðarlýsingar í reglugerð, þ.e. í 4. og 5. gr. reglugerðarinnar. Við mat á brotum gegn reglugerðinni skal einnig litið til reglna NEAFC um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á til nánari skýringa, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar. Að mati Fiskistofu verður að líta á hina settu lagareglu í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996 og reglugerð nr. 432/2017 heildstætt sem refsheimild. Að mati Fiskistofu uppfylla framangreint ákvæði í lögum og ákvæði reglugerðar nr. 432/2017, sem mæla nánar fyrir um með skýrum hætti til verknaðarlýsinga á saknæmri háttsemi sem fela í sér brot á lögum nr. 151/1996, þær kröfur sem gerðar verða til skýrleika refsheimilda (viðurlagaheimilda) sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Fiskistofa hafnar því þeirri málsástæðu að framsetninga tilgreindra refsheimilda í málinu standist ekki kröfur refsiréttar um viðurlög.

Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um saknæma háttsemi skipstjóra Aðalsteins Jónssonar SU-11 (2929) sem fól í sér brot á lögum nr. 151/1996 og reglugerð nr. 432/2017. Markmið málsmeðferðar Fiskistofu er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati stofnunarinnar telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til gagna málsins, málsatvika og eðli brota, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929) hafi gerst sekur um fullframin brot gegn 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017 og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996 í veiðiferð skipsins á eftirlitssvæði NEAFC þann 31. júlí 2024.

**Háttsemi skipstjóra fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929), braut gegn 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017 sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996, með því að hafa annars vegar hvorki sent komutilkynningu áður en skipið sigldi inn á eftirlitssvæði NEAFC til veiða né aflatilkynningu eftir að veiðar hófust, og hins vegar, með því að hafa ekki haldið upplýsingar í rafrænni afladagbók og sent aflatilkynningu um veiddan afla.**

Fyrir brot á lögum nr. 151/1996 skal Fiskistofa svipta lögaðila leyfi til veiða eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum nr. 57/1996, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 151/1996. Brot á reglugerð nr. 432/2017 varða viðurlögum samkvæmt framangreindu ákvæði og lögum nr. 57/1996. Þar sem í máli þessu liggja fyrir brot á lögum nr. 151/1996, og í samræmi við fyrirmæli laga um að litið skuli til laga nr. 57/1996, við mat á brotum gegn fyrrnefndu lögunum, telur Fiskistofa rétt að sömu sjónarmið eigi við og við mat á brotum gegn síðarnefndu lögunum. Samkvæmt því ber að meta hvort um minniháttar eða meiriháttar brot á lögum nr. 151/1996 sé að ræða í skilningi laga nr. 57/1996. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins

Líta verði til markmiða laga nr. 151/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögin taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands; í lögsögu annarra ríkja, í lögsögu samkvæmt sérstökum samningum og á úthafinu í samstarfi við önnur ríki. Í 3. gr. laganna segir að ráðherra setji reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar séu til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar sé kveðið á um í lögum þessum. Í 4. gr. laganna segir að ráðherra skuli með reglugerð

binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Skuldbindingar Íslands skv. NEAFC-samningnum hafa verið innleiddar í reglugerð nr. 432/2017, sem sett er með stoðum í framangreindum lögum. Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að fiskiskipum sé óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu. Leyfin skulu bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands um veiðimagn, veiðisvæði, gerð og búnað veiðarfæra, veiðitíma, eftirlit, sýnatöku, tilkynningar o.fl. Þá skal áskilið að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar. Í 4. og 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram að skip skuli halda afladagbók og senda tilkynningar í samræmi við reglur NEAFC þar um. Þannig eru skip sem eru með leyfi frá Fiskistofu til að veiða á samningssvæði NEAFC skylt að hlíta þeim ströngu reglum sem NEAFC hefur sett um aflaskráningar og tilkynningar um komu, veiðar og brottför á samningssvæði NEAFC. Íslenska ríkið hefur ennfremur skuldbundið sig til að tryggja að íslenskum skipum sé skylt að fara eftir reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

Á samningssvæði NEAFC, fer fram sameiginlegt eftirlit í alþjóðlegu fiskveiðistjórnunarkerfi. Kerfinu er m.a. ætlað að standa vörð um deilistofna á svæðinu, sem aðildarþjóðir, þ.e. skip á þeirra vegum, hafa aðgang að á grundvelli milliríkjasamninga. Mikilvægt er að áreiðanleiki og traust ríki um þær tilkynningar og upplýsingar sem skip veita, og eru skyldug til að veita. Þar á meðal tilkynningar og upplýsingagjöf, um veiðar og för skipa á sameiginlegu eftirlitssvæði NEAFC sem á reynir í máli þessu, er mikilvægur þáttur í sameiginlegu eftirliti aðildarþjóða NEAFC. Samhliða er mikilvægt að þær upplýsingar sem verða til á grundvelli sameiginlegs eftirlits séu aðgengilegar öllum aðildarþjóðum NEAFC. Tilkynning áður en skip siglir inn á samningssvæði NEAFC er forsenda fyrir því að skip teljist á löglegum veiðum. Tilkynningin gegnir einnig þeim tilgangi að tryggja eftirlit með þeim skipum sem eru þar á veiðum og jafnframt til að varna því að skip haldi til veiða innan svæðisins óáreitt og í leyfisleysi, þ.e. stemma stigu við ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (e. IUU fishing). Reglur um daglega skráningu og skil aflaupplýsinga tryggja að veiðar fari ekki fram yfir úthlutaðar heimildir og er ætlað að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar með því að krefjast samfelldra, rekjanlegra gagna um aflamagn. Þá stuðla þær einnig að samræmingu og gagnsæi í alþjóðlegu fiskveiðistjórnunarkerfi. Tilgreindum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er ætlað að standa vörð um hagsmuni fiskveiðistjórnunarkerfisins og þeim markmiðum og þeim opinberu hagsmunum sem kerfið byggir á. Grundvallarreglan er sú að útgerðir og áhafnir skipa eiga að fara eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að Ísland (íslensk skip) uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit og af því leiðir að áhöfnum íslenskra skipa ber að fara eftir innlendum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum settum með það að marki að uppfylla framangreindar skyldur. Reglur sem gilda um veiðar á samningssvæði NEAFC eru settar til að tryggja trúverðugleika og traust til veiðanna og stuðla að góðri samvinnu aðildarþjóða og forvaranlegri sameiginlegri stýringu á auðlindinni. Brot skipstjóra Aðalsteins Jónssonar SU-11 (2929) ógnuðu framangreindum hagsmunum, og þá sérstaklega hagsmunum Íslands þar sem brotin voru til þess fallin að gera stjórnvöldum ókleift að fullnægja ákvæðum reglna NEAFC um stjórn og eftirlit, sem þau hafa skuldbundið sig til að fullnægja, og eru grundvöllur veiða á samningssvæði NEAFC.

Ríkir almannahagsmunir eru fólgnir í því að nákvæmar og réttar upplýsingar liggi fyrir um veiðar innan samningssvæðis NEAFC, svo fulltrúar aðildarþjóða NEAFC geti áætlað stofnstærð, byggð á ráðgjöf óháðra vísindamanna (e. The International Council for Exploration



of the Sea) og þar með tryggt hámarksafrakstur nytjastofna á svæðinu. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Brot skipstjóra Aðalsteins Jónssonar SU-11 (2929) hafi jafnframt ógnað framangreindum hagsmunum. Í máli þessu verður ekki talið að brotin hafi verið til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, enda séu brotin ekki þess eðlis.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra fiskiskipsins Aðalsteinn Jónsson SU-11 (2929), í umræddri veiðiferð og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar í hans þágu brjóti ekki í bága við þær reglur sem gilda um framkvæmd fiskveiða á hverjum tíma. Þegar skip, sem sigla undir íslenskum fána, eru með leyfi til veiða á grundvelli samninga sem Ísland er aðili að, verður að mati Fiskistofu að gera enn ríkari kröfur til áhafnarmeðlima um að framferði þeirra og allar athafnir séu í fylgispekt við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og milliríkja-/alþjóðasamninga, enda hafi íslensk stjórnvöld hagsmuna að gæta að rétt sé staðið að öllu leyti að framkvæmd slíkra fiskveiða. Að því marki eru brot íslenskra skipa, gegn reglum NEAFC um stjórn og eftirlit, að mati Fiskistofu til þess fallin að vera álitin alvarlegri, en fiskveiðibrot innan fiskveiðilandhelgi Íslands, í ljósi þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist í milliríkjasamstarfi. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð sem útgerð skipsins að í gildi sé fullnægjandi verklag um borð í þeim skipum sem hann gerir út til að tryggja rétta framkvæmd fiskveiða, jafnt innan sem utan lögsögu Íslands.

Í athugasemdum málsaðila kemur fram að um algjöra handvömm skipstjóra hafi verið að ræða. Fiskistofa tekur undir það enda fær stofnunin ekki séð að neitt í málinu bendi til þess að um vísitandi brot skipstjóra hafi verið að ræða. Eins og málsatvikum er háttað, með hliðsjón af eðli brota, er það niðurstaða Fiskistofu við saknæmismat að brot skipstjóra voru framin af stórkostlegu gáleysi eða hið minnsta almennu gáleysi. Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa m.a. til kæruleysislegrar framgöngu skipstjóra og þeirra ríku hagsmuna sem verknaðurinn beindist að og vísað hefur verið til. Að framangreindu virtu er það mat Fiskistofu, eins og málsatvikum er háttað í máli þessu, að brot skipstjóra gegn lögum nr. 151/1996 og reglugerð nr. 432/2017 teljist minniháttar háttar í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1996.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 151/1996 er fjallað um þau stjórnsluviðurlög sem heimilt er að beita vegna brota á lögnum. Í ákvæðinu segir að Fiskistofa skuli svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Að mati Fiskistofu hefði að óbreyttu verið hægt að færa rök fyrir því að brot skipstjóra vörðuðu áminningu í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 151/1996 mælir ekki fyrir um heimild til að veita útgerðaraðila áminningu og það þrátt fyrir tilvísun til laga nr. 57/1996. Það er mat stofnunarinnar, með hliðsjón af framangreindu, að lögætisregla stjórnsluréttar standi því í vegi að hægt sé að beita öðrum viðurlögum en þeim sem mælt er fyrir um í lögum nr. 151/1996, vegna brota á ákvæðum þeirra laga, sbr. einnig *úrskurð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá 18. september 2018*. Í úrskurðinum taldi ráðuneytið Fiskistofu hafa skort lagaheimild til að beita áminningu vegna brota á lögum nr. 151/1996 og felldi ákvörðun Fiskistofu úr gildi.

Af framangreindu virtu telur Fiskistofa áminningu því ekki koma til álita í máli þessu við ákvörðun viðurlaga. Hins vegar telur stofnunin að líta þurfi til þess að langt er liðið frá brotum og tafir hafa orðið á ákvörðun málsins sem málsaðila verður ekki um kennt. Einnig ber að líta til þess að um fyrsta brot er að ræða, einangrað við sömu veiðiferð. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotanna, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsluréttar og

sjónarmiða um hófstíllta og sanngjarna beitingu opinbers valds, þykja hæfileg viðurlög vera lágmarks veiðileyfissvipting, í eina viku.

**Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Aðalsteinn Jónsson SU-11, skipaskrárnúmer 2929, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7 daga) frá og með 22. maí 2026 og til og með 28. maí 2026, skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 151/1996 sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota skipstjóra skipsins, gegn a- og b-lið 1. mgr. 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 432/2017 sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu hennar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.**

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið [atrn@atrn.is](mailto:atrn@atrn.is). Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.

